

Myndlist

Kviksyndi í Þjóðminjasafninu

SÝNINGIN Kviksyndi var opnuð á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands um helgina. Þar má sjá verk blindra og sjónskertra barna sem þau hafa unnið á sérstökum námskeiðum við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Börnin fengu að vinna með reipi, þræði, snúrur, garn, teygjur, tágur, gifs, lit, blöð og tvinna. Í kennslunni var leitast við að vinna á mismunandi skala, þannig að verkin yrðu bæði stór og smágerð og efniviður óvæntur og fjölbreyttur. Kennarar á námskeiðinu voru Brynhildur Þorgeirsdóttir og Margrét H. Blöndal. Kviksyndi stendur til 11. október.



Margrét H. Blöndal

Tónlist

Norræna vísnafjölskyldan syngur

NORRÆNA vísnafjölskyldan kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld kl. 20. Norræna vísnafjölskyldan hefur haldið fjölda tónleika í Svíþjóð og Noregi. Meðlimir hennar eiga það sameiginlegt að hafa hlotið menntun sína í Nordiska Visskolan í Kungälv. Í hópnum eru Norðmenn, Svíar og Finnar; atvinnuvísna-söngvarar og áhugamenn sem elska að syngja. Tónleikagestir fá líka að syngja vísur. Tónleikarnir eru öllum opnir og frítt inn. Eftir tónleikana verður létt spjall með vísnaöngvurunum um sameiginlegan vísnaarf Norðurlandanna.



Norræna húsið.

Myndlist

Olía og grafík í Grafíksalnum

GUÐFINNA Anna Hjálmarisdóttir og Valgerður Björnsdóttir myndlistakonur opnuðu sýningu á olíumálverkum og grafíkmyndum um helgina í sýningarsal Íslenskrar Grafíkur, Tryggvagötu 17 í Reykjavík, hafnarmegin. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga til 13. september frá kl. 14 til 18.

Guðfinna og Valgerður stunduðu báðar nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Báðar hafa tekið þátt í fjölda samsýninga ásamt einkasýningum til margra ára. Aðgangseyrir á sýninguna er enginn.



Valgerður Björnsdóttir

Myndlist

Glæpamenn í stafrófsröð

STAFRÓF glæpamanna er heiti myndlistarsýningar Styrms Arnar Guðmundssonar sem opnuð var um helgina í Gallerí Crymogeu við Laugaveg. Á myndunum á sýningunni fagnar Styrmir hinum ýmsu krummum frá A til Ö í svarthvítu. „Þarna koma við sögu illkvittirnir glæpönar á borð við B-rennuvarginn og F-jársvikarann,“ segir Styrmir. Sýningin helst í hendur við útgáfu Crymogeu á bókinni Stafrófi glæpamanna, með myndum Styrms og texta Baldvins Þórs Magnússonar. Í bókinni er farið yfir flóru glæpaheimsins með aðstoð stafrófsins.



Eitt verka Styrms.

Stjörnur í Listasafni Reykjavíkur

● Heimsfrægur japanskur popplistaámaður sýnir í Hafnarhúsinu ● Myndir Lars von Trier og Friðriks Þórs verða málverk ● Yfirlitssýning á hönnun Steinunnar Sigurðardóttur í nóvember

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur
kolbrun@mbl.is

LISTASAFN Reykjavíkur stendur fyrir fjölda áhugaverðra sýninga á næstu mánuðum og ýmiss konar fræðsludagskrá verður um sýningararnar í Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum.

Heimskunnur popplistaámaður

Hinn heimskunni japanski popplistaámaður Yoshitomo Nara, sem fæddur er 1959, sýnir í september og út árið verk sem er sérstaklega gert fyrir Hafnarhúsið. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir þetta vera stórvíðburð í myndlistarlífi landsins. „Nara er einn fremsti myndlistarmaður Japans, mjög þekktur á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum og verk hans eru meðal dýrustu verka á markaðnum. Sýning hans nefnist The Crated Rooms in Iceland og samanstendur af litlum byggingum í formi listaverkakassa. Þetta er sýning sem á örugglega eftir að vekja athygli.“ Listasafnið fékk hæsta styrk sem hægt er að fá frá Japan Foundation, milljón jen, til að fjármagna sýninguna.

Valdir rammar

Næstkomandi fimmtudag, 3. september, verður opnuð í Hafnarhúsinu sýningin Rammar í endursýn. Sýningin er byggð á völdum römmum úr kvikmyndum Lars von Triers og Friðriks Þórs Friðriks-sonar en Ari Alexander Ergis er sýningarstjóri. „Þetta verður mjög forvitnileg og flott sýning,“ segir Hafþór. „Friðrik Þór, Lars von Trier og Ari Alexander eiga það sameiginlegt að hafa stúderað myndlist og sýnt í galleríum en eru þekktir sem kvikmyndagerðarmenn. Lars von Trier og Friðrik eru góðir vinir og von Trier valdi verk sín í samráði við Friðrik.“

Hönnun Steinunnar

Önnur sýning sem örugglega mun vekja áhuga margra er yfirlitssýning á hönnun Steinunnar Sigurðardóttur sem er borgarlistamaður þessa árs. Á sýningunni, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í nóvember, er lögd áhersla á frumeintök af hönnun Steinunnar sem ekki eru ætluð til fjöldaframleiðslu auk ljósmynda eftir Mary Ellen Mark. Listasmíðja verður í tengslum við sýninguna þar sem hægt verður að spreyta sig á verk-efnum sem tengjast hönnun.

Fjöl margar aðrar forvitnilegar sýningar verða opnaðar á næstu vikum og mánuðum. Fyrsta sýningin sem opnar á Kjarvalsstöðum á nýju sýningarári nefnist Blik.



Verk eftir Yoshitomo Þessi heimsfrægi listamaður sýnir verk sem er sérstaklega gert fyrir Hafnarhúsið.



Rammi úr Börnum náttúrunnar Rammar úr myndum Friðrik Þór og Lars von Trier verða að málverkum. Ari Alexander Ergis er sýningarstjóri.

Par er Op-listin á Íslandi, þar sem listamenn vinna með sjónblekkingar, skoðuð út frá verkum nokkurra listamanna, eins og Eyborgar Guðmundsdóttur, Hreins Frið-

finnssonar og Ólafs Elíassonar. Sérstök Blik-smíðja verður sett upp á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna og þar geta gestir spreytt sig á verkefnum sem tengi-

Lars og Friðrik Þór

Á sýningunni Rammar í endursýn sem verður opnuð 3. september í Hafnarhúsinu hafa rammar úr kvikmyndum Friðriks Þórs Friðriks-sonar og Lars von Trier verið málaðir upp með olíulitum á gríðarstóra strigafleti. Í salnum er einnig innsetning úr ýmsum kvikmyndum tvímenn-inganna eftir Ara Alexander Ergis Magnússon. Sýningin stendur til 18. október.

sókn malarans til Japan í upphafi áttunda áratugarins. Sama dag verður opnuð sýning í D-sal safnsins en þar sýnir Ingibjörg Birgisdóttir nýtt myndbandsverk og bútasamsverk á vegg. Í lok október sýnir listamaðurinn Ryan Par-teka verk sín í sama sal.

Innblástur í poppmenningu

Í októberlok verður sýnt í safninu verk eftir Egil Sæbjörnsson sem hann hefur unnið að frá árinu 2005. Egill býr og starfar í Berlín og samtímis sýningunni kemur út vegleg bók um hann frá þýskum útgefanda.

Eftir áramót verður sýningin Ljósítlifun opnuð en Hafþór Yngvason er sýningarstjóri hennar. „Þetta er samsýning á veggmyndum og öðrum málverkum ungra íslenskra myndlistarmanna sem sækja innblástur í poppmenningu síðustu ára. Ég hef haft mjög gaman af að vinna að þessari sýningu sem ég held að verði mjög spennandi,“ segir Hafþór.

Ljósmyndir á listahátíð

Á Listahátíð á næsta ári verður mikil áhersla lögð á ljósmyndun og sýningar verða á söfnum og víða um borg. Listasafn Reykjavíkur verður með stóra sýningu á ljósmyndum úr safni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. „Þetta er ótrúlega vandað safn og því hægt um vik að skapa úr því sýningu sem geymir verk margra þeirra merku listamanna sem hafa gert ljósmyndina aftur að mikilvægum miðli innan myndlistarinnar á síðustu þrjátíu árum,“ segir Hafþór.

Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands verður í safninu á næsta ári. Að lokum skal þess getið að í undirbúningi er sýning á verkum Garðars Eide Einarssonar. Garðar er norskur listamaður en á íslensk- an föður. Hann hefur unnið í New York síðustu ár þar sem hann er orðinn áhrifamikill listamaður. Fyrirhugað er að opna sýninguna í september á næsta ári.

ast blik-list, sjónblekkingum og vísindum.

Arkitektúr og vatnslitir

Í tilefni af áttræðisafmæli arkitektsins Högnu Sigurðardóttur verður á Kjarvalsstöðum opnuð yfirlitssýning á verkum hennar í nóvember en að sögn Hafþórs er gríðarleg rannsóknarvinna tengd þeirri sýningu. Málþing og fyrirlestrar verða haldnir samhliða sýningunni.

Sýningin Vatnslitir í 100 ár verður opnuð á Kjarvalsstöðum eftir áramót en þar er gefið yfirlit yfir sögu íslenskra vatnslitamunda. „Það hefur aldrei verið gerð nein heildarúttekt á íslenskum vatnslitamundum,“ segir Hafþór. „Ýmsir listamenn sem aldrei náðu verulegum tókum á olíumálverkinu voru frábærir í vatnslitamundum. Þessi sýning birtir okkur öðruvísi listasögu en þá sem við erum vön að skoða.“

Erró í Japan

Næstkomandi fimmtudag, 3. september, verður opnuð í Hafnarhúsinu sýningin Erró – japönsk ástarbréf. Verkin tengjast heim-